



# Fundargerð 278.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 12 apríl 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Þröstur Friðfinnsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Ársreikningur 2022.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR sat fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 1.003 millj. Rekstrargjöld 677,5 þar af afskriftir 96,6 millj., og nettó fjármagnsgjöld 29,6. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 295,6 millj.

Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

### 2. Dysnes.

Karl Karlsson og Kristín Helga sátu fundinn undir þessum lið og kynntu stöðu mála varðandi mögulegt líforkuver á Dysnesi.

### 3. Torfunefsbyggja, drög að deiliskipulagi

Drög að breyttu deiliskipulagi fyrir Torfunef var lagt fyrir Skipulagsráð Akureyrarbæjar 29. mars s.l. Jóhanna Helgadóttir frá Nordic arkitektastofu hönnuði skipulagsins tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti skipulagið fyrir stjórn HN.

### 4. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur fer fram miðvikudaginn 10. maí n.k. Aðalfundur HN fer fram miðvikudaginn 3. maí n.k.

**Fundagerðin yfirfarin og staðfest.**

Fundi var slitið kl. 17.45

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

---

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---



Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Jón Þorvaldur Heiðarsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Sverre Jakobsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---